

Ed.

160. Frumvarp

til laga um löggilding verslunarstaða.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Í Bervík í Breiðuvíkurbreppi í Snæfellsnessýslu, í Dritvík í sama breppi og á Broddanesi við Kollafjörð í Strandasýslu skulu vera löggiltir verslunarstaðir.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar stjórnarráðið hefir ákveðið takmörk verslunarlóðanna samkv. lögum nr. 61, 10. nóv. 1905, og birt í B-deild Stjórnartíðindanna.